

# ORLOFSBLAÐ 2012

## UPPLÝSINGAR UM ORLOFSHÚSIN

### **NÝTT TJALDSVÆÐI Í MIÐHÚSASKÓGI**

Opnar 2. júní

### **SUMARGRILL AÐ HÆTTI SIMMA OG JÓA**

Uppskriftir

### **VINNANDI VEGUR**

Átak í atvinnusköpun

### **UMHVERFISVÆNN AKSTUR**

Ráðleggingar og góðir punktar

### **GAMAN SAMAN**

Fjölskyldufrí

### **TAKTU BÓKINA MEÐ**

Fjórar góðar bækur í fríð



# Efnisyfirlit



## FÉLAGSMÁL

- 03 Leiðari
- 04 Viðburðadagatal VR
- 04 Vinnandi vegur – átak til atvinnusköpunar
- 04 Frumvarp lagt fram um breytingu á orlofslögum
- 05 VR fær Lúður
- 05 Fyrirlestraröð VR
- 06 Niðurstaða kosninga til stjórnar VR
- 06 Ný stjórn VR
- 08 Lykiltölur úr ársreikningi VR
- 29 Hvað gerir VR fyrir þig?

## ORLOF 2012

- 08 Tjaldvagnar
- 09 Afsláttur í ferðina
- 09 Bókunarreglur
- 09 Veiði- og útilegukort
- 10 Nýtt tjaldsvæði í Miðhúsaskógi
- 13 Laugar
- 14 Ölfusborgir
- 15 Grímsnes
- 16 Súðavík
- 17 Blönduós
- 18 Ólafsfjörður
- 19 Miðhúsaskógur
- 20 Flúðir
- 21 Húsafell
- 22 Akureyri
- 23 Einarstaðir
- 24 Reykjavík
- 25 Hótelgisting – Reykjavík
- 26 Útbúnaður húsanna
- 26 Umgengnisreglur í orlofshúsum

## GREINAR OG VIÐTÖL

- 27 Taktu bókina með í fríið
- 28 Umhverfissvænn akstur – ráðleggingar frá FÍB
- 30 Afmælisveislan mín og Marley
- 31 Gaman saman - fjölskyldufrí
- 32 Félagsmenn á léttu nótonum
- 35 Úr eldhúsinu hjá Simma og Jóa

### VR

Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7,  
103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
vr@vr.is  
www.vr.is

### VRblaðið 2. tbl. 34. árgangur apríl 2012

Abyrgðarmaður: Stefán Einar Stefánsson formaður. Ritstjóri: Birna Guðmundsdóttir. Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson. Forsíðumynd: Nordic Photos. Ljósmyndir: Eddi. Prentun: Oddi. Upplag: 25.500  
Stjórn VR Stefán Einar Stefánsson formaður, Eyrún Ingadóttir varaformaður, Sigurður Sigfússon ritari, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson. Varamenn: Óskar Kristjánsson, Benóný Valur Jakobsso og Bjarni Þór Sigurðsson.



# SUMARIÐ FRAMUNDAN

Það er ekki lognmolla í kringum VR þessa dagana. Stór og mörg verkefni hvíla á herðum þessa rúmlega 120 ára gamla félags. Verkefnum fylgjast í sífellu og æ fleiri félagsmenn sjá ástæðu til þess að leita fjölbreyttrar þjónustu á vettvangi þess. Þetta sýna tölur sem haldið er utan um. Meðal þess ánægjulegasta sem við sjáum gerast er að félagsmenn nýta sér vefinn í sífellt meira mæli og eru heimsóknir inn á hann nærri 30.000 í hverjum mánuði. Svarar það til þess að hver einasti félagsmaður fari inn á vefinn mánaðarlega.

## AÐALFUNDUR 2012

VR hélt aðalfund sinn þann 10. apríl síðastliðinn. Þar tóku tveir nýir stjórnarmenn sæti í stjórn sem ekki hafa komið að starfi félagsins áður. Hópurinn sem stjórnin samanstendur af er mjög öflugur og hann er vel í stakk búinn til að móta stefnu félagsins fram á við og fylgja úr hlaði þeim ákvörðunum sem félagið stendur frammi fyrir á komandi mánuðum. Á aðalfundinum var ákveðið að færa 480 milljónir króna í varasjóð félagsins. Það þýðir að félagsmenn fá meira en helming greidds félagsgjalds til ráðstöfunar eftir reglum sjóðsins. Sú staðreynd að félagið hefur nú á tveimur árum flutt tæpan milljarð í varasjóð og þar með beint í hendur félagsmanna, er skýrt dæmi um það hversu sterkum fótum félagið stendur.

## 1. MAÍ

Stundum heyrir maður fólk halda því fram að stéttarfélag séu barn síns tíma og í raun óþörf í nútímasamfélagi. Kjarasamningar síðasta árs og þeir áfangasigrar sem náðst hafa á síðustu

árum ættu að vera nægileg sönnun þess að fyrrnefnd skoðun stenst ekki. Vissulega hefur kjarabaráttan breyst og ekki er eins algengt að félög hvetji félagsmenn sína í verkföll og til verkfallsátaka. Það breytir ekki þeirri staðreynd að mikilvægt er að standa vörð um mikilsverða hagsmuni sem nú þegar hefur verið samið um og þá ekki síður að taka slaginn um þau mál þar sem enn hallar á launafólk í landinu.

Framundan er 1. maí og þá höfum við launafólk tækifæri til þess að koma saman og lýsa samstöðu í baráttunni fyrir rétti okkar á vinnu-markaði. Það er mikilvægt að við sjáum okkur sem flest fært að taka þátt í þessum degi, bæði í kröfugöngum um landið og þá ekki síður í 1. maí kaffinu sem félagið býður til að vanda.

Þann 1. maí er miðað við að VR taki við aukinni þjónustu við atvinnulausa félagsmenn sína. Það stendur ekki á félaginu að standa við þann tímaramma og hefur undirbúningur þessa verkefnis staðið lengi yfir. Höfum við m.a. ráðist í miklar breytingar á skrifstofu félagsins til að geta betur mætt aukinni aðsókn á skrifstofu okkar að Kringlunni 7. Er það von okkar sem leiðum verkefnið að það komist í hendur félagsins nú í vor og að það hafi tekið á sig fullburða mynd strax í haust.

## SUMARIÐ FRAMUNDAN

Í VR blaðinu að þessu sinni er ítarlega fjallað um orlofsþjónustu félagsins. Þar er að finna kynningu á mörgum orlofshúsum sem til útleigu eru allan ársins hring. Helsta nýmælið í blaðinu að þessu sinni er þó kynning á nýju tjaldsvæði sem

unnið hefur verið að uppbyggingu á síðastliðin ár. Það er staðsett í landi VR í Miðhúsaskógi, rétt austan Laugarvatns. Þar er allt til alls og víst er að þetta er kærkomin viðbót við þá orlofsþjónustu sem félagið heldur úti.

Næstu vikurnar verða annasamar á skrifstofu VR. Í byrjun maí verður tilkynnt hvaða fyrirtæki komu best út í könnun okkar „Fyrirtæki ársins“ og þá er alltaf tilhlökkunarefni þegar uppstigningardagur nálgast því hefur hefur skapast fyrir því að bjóða þá eldri félagsmönnum VR til kaffisamsættis.

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks VR óska ég öllum félagsmönnum VR og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars. Megi það verða okkur öllum ljúft og gott.

*Stefán Einar Stefánsson*  
Formaður VR

# Fréttir

## Á DÖFINNI

VIÐBURÐADAGATAL VR

APRÍL

24

### TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Sjóðir og þjónusta VR

MAÍ

01

### 1. MAÍ KAFFI

VR býður í kaffihlaðborð kl.15:00 í Turninum við Höfðatorg (við Borgartún).

MAÍ

10

### MORGUNVERÐARFUNDUR

Morgunverðarfundur með formanni VR.

MAÍ

11

### FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012

Niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2012 kynntar.

MAÍ

15

### TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Verkefni og staða trúnaðarmanna.

## FRUMVARP LAGT FRAM UM BREYTINGU Á ORLOFSLÖGUM

Magnús M. Norðdahl hefur, ásamt fleiri þingmönnum, lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um orlof nr. 30/1987. Er það viðbót við orlofslög þannig að ljúki launþegi ekki orlofi fyrir lok orlofsársins skuli hann fá þann hluta orlofs sem ekki hefur verið tekinn út greiddan með 25% álagi. Í greinargerð með frumvarpinu segir að breytingunni sé ætlað að hvetja vinnuveitendur til þess að skipuleggja orlofstöku starfsmanna sinna þannig að henni ljúki fyrir lok hvers orlofsárs. Þeim hvata verður best komið fyrir með því að kveða með skýrum hætti á um að álag skuli greitt á það orlof sem greiða þarf út, farist orlofstakan fyrir.



## „VINNANDI VEGUR“ - ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR!

Í upphafi árs var sameiginlegu átaki samtaka atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og ríkisins hrundið í framkvæmd.

Markmiðið með þessu átaki er að gera atvinnurekendum kleift að nýræða starfsfólk en á sama tíma er atvinnuleitendum gefið tækifæri til þátttöku í atvinnulífinu. Þessu til stuðnings hefur verið hrundið af stað aðgerðum sem eiga að tryggja allt að 1.500 atvinnuleitendum störf og starfstengd úrræði. Áhersla er lögð á hvata og úrræði fyrir langtímaatvinnulausa og þá sérstaklega þá einstaklinga sem hafa verið án atvinnu lengur en 12 mánuði. Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg munu beita sér fyrir því að sveitarfélögin skapi a.m.k. helming ofangreindra starfa eða starfstengdra úrræða innan verkefnisins, alls 750 störf. Áætlað er að fyrirtæki á almennum vinnumarkaði muni skapa hinn helminginn. Til að efla vinnumiðlun hefur Vinnuálastofnun gert samninga við almennar ráðningarstofur og stéttarfélag, VR þeirra á meðal, um ráðningar, samkvæmt sérstöku þjónustusamningi.

Átakinu var hrundið af stað með „Atvinnumessu“ sem haldin var í Laugardalshöllinni 8. mars s.l. Þangað voru boðaðir allir langtímaatvinnuleitendur á höfuðborgarsvæðinu, samtals um 6.000 einstaklingar. Þar voru kynnt ný störf innan átaksins en stefnt er að því að hafa allt að 1.500 störf í boði fyrir þennan hóp bæði á almennum markaði og á vegum sveitarfélaga, eins og áður sagði.



## FRÁ UMSÓKN TIL ATVINNU

Samhliða átaki til atvinnusköpunar gaf VR í samstarfi við Jón Birgi Guðmundsson og Jónínu Guðmundsdóttur út bókina „Frá umsókn til atvinnu“ en bókina er hugsuð sem leiðarvísir fyrir félagsmenn VR í atvinnuleit. Fjallað er um ráðningar frá sjónarhóli umsækjandans og honum gefin innsýn í ráðningarferlið. Gefin eru fjölmörg dæmi og sýnishorn sem auðvelda lesandanum atvinnuleitina. Einnig er gerð grein fyrir mikilvægi þess að atvinnuleitandinn skoði hug sinn og viti hvað hann vill og hvert hann stefnir.

## LÍFEYRISSJÓÐS- SKÝRSLA

Stjórn VR skipaði þriggja manna ráðgjafanefnd til að leggja mat á niðurstöður skýrslu Landssamtaka lífeyrissjóða um fjárfestingar sjóðanna í aðdraganda hrunsins. Álit ráðgjafanefndarinnar liggur nú fyrir og má nálgast skýrsluna á vef VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## FYRIRLESTRARÖÐ VR

Bjartsýni og hvatning eru helstu áherslurnar í fyrirlestraröð VR á næstunni. Fyrirlestrarir eru haldnir á 0. hæð í Húsi verslunarinnar á milli kl. 12 og 13 og eru öllum félagsmönnum opnir. Félagsmenn úti á landi geta fylgst með á skrifstofum VR í sínum landshluta með fjarfundabúnaði. Léttar veitingar eru í boði. Skráning er á [www.vr.is](http://www.vr.is) og í síma 510 1700.

### 26. APRÍL TILVERAN Í NÝJU LJÓSI

Fyrirlesari: **Halla Halldórsdóttir**

Halla Halldórsdóttir er hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. Hún hefur einnig meistaragráðu í lýðheilsu-fræði og diplóma í kennslufræði. Hún hefur langa reynslu í heilbrigðis- mennta og samfélagsgeirunum. Við lendum öll í margvíslegum

breytingum hvar sem við erum stödd í lífinu. Halla ræðir um jákvæðni, trú á eigin getu, hvatningu, von, kímni og heilsuefingu til að vinna á tilfinningum sem koma fram við breytingar í lífinu.

### 10. MAÍ MEÐ SÍNU NEFI

Fyrirlesari: **Sigríður Klingenberg**

Sigríður hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi og víða erlendis og verið eftirsótt á alls kyns fundi, námskeið og skemmtanir. Námskeiðið er leiðarvísir að lífsgleði þar sem hún kennir hvernig orð okkar, hugsanir og viðbrögð við öllum aðstæðum sem upp koma í lífinu geta skipt sköpum. Þátttakendum eru kenndar aðferðir við að breyta lífi sínu og fjölga gleði- og hamingjustundum.

## VR HLAUT LÚÐUR

Auglýsing VR til að mótmæla auknu atvinnuleysi félagsmanna fékk Íslensku auglýsingaverðlaunin í flokki almannaheillauglýsinga. Íslensku auglýsingaverðlaunin, eða Lúðurinn, voru afhent í febrúar sl. og eru veitt verðlaun fyrir auglýsingar sem þóttu skara fram úr á árinu 2011. Alls voru verðlaunaflokkarnir 16 og fékk auglýsing VR verðlaun í flokki almannaheillauglýsinga fyrir aðra miðla en sjónvarp. Yfirskrift auglýsingarinnar var „VR krefst aðgerða gegn atvinnuleysi“ en hún fólst meðal annars í því að hengdir voru upp rúmlega 2.500 borðar á áberandi stað á Kringlumýrabraut en hver borði var ták um einn atvinnulausan félagsmann. Jafnframt voru birtar auglýsingar í fjölmiðlum og greinar í blöðum.

Auglýsingin var unnin af auglýsingastofunni Fiton. VR þakkar starfsmönnum Fiton fyrir vel unnið starf og óskar þeim til hamingju með verðlaunin.

### ÍSLENSKU AUGLÝSINGAVERÐLAUNIN

Það er ÍMARK sem veitir Íslensku auglýsingaverðlaunin í samstarfi við Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA). Tilgangurinn er að vekja athygli á vel gerðum auglýsingum og auglýsingaefni á hverjum tíma.



# NÝ STJÓRN VR

## NIÐURSTAÐA KOSNINGAR TIL STJÓRNAR VR

Allsherjaratkvæðagreiðsla vegna kosningar til sjö sæta í stjórn VR stóð frá 1.-9. mars s.l. Atkvæði greiddu 1.449. Á kjörskrá voru alls 28.662. Kosningabátttaka var því 5,06%.

### NIÐURSTAÐAN ER SEM HÉR SEGIR:

Sjö stjórnarmenn til tveggja ára, skv. úthlutun m.t.t. kynjaskiptingar eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Fríður Birna Stefánsdóttir  
Benóný Valur Jakobsson  
Jóhanna S. Rúnarsdóttir  
Sigurður Sigfússon  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Ólafía Ása Jóhannesdóttir

### Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs

Óskar Kristjánsson  
Hildur Mósesdóttir  
Jón Magnússon

Framangreindir aðilar eru því réttkjörnir skv. 20. gr. laga félagsins og hefst kjörtímabil þeirra á aðalfundi VR fyrir árið 2012.

### Atkvæði féllu sem hér segir :

#### Fjöldi atkvæða

Fríður Birna Stefánsdóttir	676
Jóhanna S. Rúnarsdóttir	629
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir	615
Ólafía Ása Jóhannesdóttir	606
Hildur Mósesdóttir	576
Benóný Valur Jakobsson	479
Sigurður Sigfússon	435
Bjarni Þór Sigurðsson	404
Óskar Kristjánsson	360
Jón Magnússon	294
Guðmundur Ingi Kristinsson	251
Tóku ekki afstöðu	104



**Stefán Einar Stefánsson**  
formaður VR



**Eyrún Ingadóttir**  
Lögfræðingafélag Íslands



**Sigurður Sigfússon**  
N1



**Fríður Birna Stefánsdóttir**  
CCP



**Ragnar Þór Ingólfsson**  
Örninn



**Ásta Rut Jónasdóttir**  
Actavis



**Benedikt Vilhjálmsson**  
Fálkinn



**Benóný Valur Jakobsson**  
66° Norður



**Birgir Már Guðmundsson**  
SORPA



**Bjarni Þór Sigurðsson**  
365 miðlar



**Ingibjörg Ósk Birgisdóttir**  
Verkfræðingafélag Íslands



**Jóhanna S. Rúnarsdóttir**  
Ölgerðin Egill Skallagrímsson



**Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir**  
A4 Skrifstofa og skóli



**Ólafía Ása Jóhannesdóttir**  
Medor



**Hildur Mósesdóttir**  
Iceland Express – varamaður



**Jón Magnússon**  
Hekla – varamaður



**Óskar Kristjánsson**  
VÍS – varamaður

# FRÁ AÐALFUNDI VR SEM HALDINN VAR 10. APRÍL SÍÐASTLIÐINN

## LITID TIL FRAMTÍÐAR Á AÐALFUNDI

Löggjaldatekjur VR hækkuðu um tæplega 9% á milli árunna 2010 og 2011 og fleiri nýttu réttindi sín í sjóðum félagsins en áður. Þetta kom fram á aðalfundi VR sem haldinn var 10. apríl sl. Formaður félagsins leit fram á veg í ræðu sinni og sagði VR vel í stakk búið til að rísa undir hlutverki sínu í framtíðinni, það sé markmið allra að auka lífsgæði í samfélaginu og þar ætli VR að vera mótandi afl. Á fundinum var farið yfir ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2011 til 2012 sem og reikninga ársins 2011 sem bornir voru undir fundinn og samþykktir samhljóða. Lögð var fram tillaga um framlag í VR varasjóð að upphæð 480 milljónir króna vegna ársins 2011 og rúmlega ellefu milljóna króna aukaframlag vegna ársins 2010 og var hún einnig samþykkt mótatkvæðalaust.

## LYKILTÖLUR

1.934.470.551

IÐGJALDATEKJUR

82.333.200

LEIGA ORLOFSHÚSA OG ORLOFSTENGD ÞJÓNUSTA

30.821.125

AÐRAR TEKJUR

2.047.624.876

SAMTALS TEKJUR

556.898.459

BÆTUR OG STYRKIR

390.574.604

GREIÐSLA ÚR VARASJÓÐI

943.526.135

REKSTRARGJÖLD

1.890.999.198

SAMTALS GJÖLD

431.757.705

FJARMAGNSLIÐIR

588.383.383

HREINAR TEKJUR TIL RÁÐSTÖFUNAR



## TJALDVAGNAR

Tjaldvagna er hægt að bóka í 6 daga og 13 daga, frá fimmtudegi til miðvikudags.

Leigu fyrir 6 daga er hægt að bóka og greiða fyrir á netinu en 13 daga leigu verður að bóka í síma þjónustuværs VR, sími 510 1700, eða á skrifstofum félagsins. Þrír vagnar verða til afhendingar á Egilsstöðum og 22 á höfuðborgarsvæðinu. Vagnarnir á Austurlandi eru einnig góður kostur fyrir Sunnlendinga sem ætla austur fyrir og losna þá við að keyra með vagninn yfir hálf landið.

Afhending vagnanna er að Víkurharfi 6, Kópavogi á fimmtudögum milli kl. 13 og 18. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvar vagnarnir verða afhentir á Egilsstöðum.

Vögnunum skal skilað hreinum, ásamt öllum fylgibúnaði, að Víkurharfi 6, á miðvikudögum fyrir kl. 16. Einnig er hægt að skila á mánudögum og þriðjudögum á opnunartíma Víkurverks. Vagnarnir, Family Camp, eru íslensk smíði og ætlaðir fyrir fjóra. Þeir eru leigðir út með fylgihlutum, þ.e. varadekki, dýnum, felliborði, fjórum stólum, gaseldunartæki fyrir tvo potta, hitaofni og gaskút. Gott er að muna eftir að hafa með sér potta og pönnur, borðbúnað, vasaljós, lítinn kúst, borðtusku og viskustykki.

### VERÐ SUMARIÐ 2012

6 dagar kr. 18.500

13 dagar kr. 29.000

### ATHUGIÐ!

Fortjald, hælur og yfirbreiðsla á vagninn fylgja ekki, og félagsmenn sjá sjálfir um að fylla á kútana.





# AFSLÁTTUR Í FERÐINA

VR býður fullgildum félagsmönnum afslátt í flug og pakkaferðir Icelandair og Iceland Express. Afslátturinn er í formi orlofsmiða sem hægt er að nálgast á skrifstofu VR í Reykjavík. **Athugið** að þeir eru ekki seldir á netinu.

**Orlofsmiði Icelandair** kostar 23.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í öll flug Icelandair. Engar takmarkanir eru á ferðatíma eða lengd dvalar umfram reglu fargjalds hverju sinni. Gjafabréfið gildir í tvö ár frá útgáfudegi bréfsins.

**Orlofsmiði Iceland Express** kostar 19.000 kr. og jafngildir 25.000 kr. greiðslu upp í flug Iceland Express. Gildistími hvers bréfs er eitt ár frá útgáfu, ferðatímabilið er þremur mánuðum lengri en gildistími.

Hver félagsmaður getur keypt 2 orlofsmiða á hverju tólf mánaða tímabili. Ekki er hægt að skila miðum eftir að þeir hafa verið keyptir. Félagsmönnum er bent á að kynna sér vel skilmála flugfélaganna áður en miðar eru keyptir.

## BÓKUNARREGLUR

Fyrirkomulagið er sem hér segir:

**Hægt er að bóka orlofshús** VR 24 vikur fram í tímann og gildir þá reglan fyrstur bókar, fyrstur fær. Þannig opnast á nýja viku á hverjum miðvikudegi.

**Hægt er að bóka vikuleigur**, frá föstudegi til föstudags, eða skammtímaleigu í ákveðin hús eins og verið hefur undanfarin ár. Þar sem um skammtímaleigu er að ræða verður að bóka lágmark tvo sólarhringa og hámark tíu sólarhringa í senn. Helgarnar eru leigðar í heilu lagi, frá föstudegi og fram á sunnudag. Ekki er hægt að bóka hús frá og með sunnudegi.

**Yfir sumartímann** er leigutíminn þessi; Vikuleigur: inn á skiptidegi kl. 17:00 og út kl. 12:00 – Skammtímaleiga: inn á skiptidegi kl. 17:00 og út kl. 12:00, nema sunnudag út kl. 19:00.

**Bóka verður lágmark 2 daga.** Hámarksleiga í júní, júlí og ágúst er 10 dagar. Helgarnar eru leigðar í heilu lagi, frá föstudegi til sunnudags.

**Hafi orlofshúsið ekki verið nýtt** á leigutímanum er ekki hægt að fá leigugjaldið endurgreitt eftir á.

**Orlofshús eru ekki leigð til** félagsmanna yngri en 20 ára og er miðað við árið sem þeir verða 21 árs.

## BIÐLISTI Í ORLOFSHÚS

Þú getur skráð þig á biðlista fyrir húsi á vefnum ef tveir sólarhringar eða lengra er til upphafsdagsetningar leigu. Haft er samband við viðkomandi með tölvupósti ef húsið losnar. Ef það eru innan við tveir sólarhringar í að hús losni, fellur biðlistinn úr gildi og húsið fer á opinn markað. Hver félagsmaður getur einungis verið skráður á biðlista eftir þremur orlofshúsum í einu.

## VEIÐI- OG ÚTILEGUKORT

Veiði- og útilegukortin eru nú í boði fyrir fullgilda félagsmenn VR sumarið 2012 á góðu verði.

Veiðikortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 37 vatnasvæðum vítt og breitt um landið og kostar kr. 3.500. Sjá nánar á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

Útilegukortið kostar kr. 7.500. Afsláttarkortið gildir á 44 tjaldsvæðum víða um landið. Sjá nánar á [www.utilegukortid.is](http://www.utilegukortid.is)

Vinsamlega athugið að gistináttaskattur er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

Glæsileg handbók fylgir hverju korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortin eru seld á Mínum síðum og á skrifstofum VR.

# NÝTT TJALDSVÆÐI Í MIÐHÚSASKÓGI

Svæðið opnar 2. júní næstkomandi.

Laugardaginn 2. júní n.k. mun VR opna nýtt og glæsilegt tjaldsvæði á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi í Bláskógarbyggð en það er um 20 km austur af Laugarvatni. Á svæðinu er mjög góð aðstaða fyrir tjöld, húsbíla og fellihýsi. Einnig er búið að reisa myndarlegt þjónustuhús þar sem verður m.a. grillaðstaða og vaskar fyrir uppþvott. Einnig eru salerni, sturtur og þvottavél til afnota fyrir tjaldgesti. Þá er þar að finna aðstöðu fyrir umsjónaraðila sem mun annast eftirlit og öryggisvörslu á svæðinu. Gert er ráð fyrir plássum fyrir 40 – 50 ferðavagna og bíla með aðgangi að rafmagni á hagstæðu verði.

10

Svæðið er allt hið glæsilegasta og mjög fjölskylduvænt. Leikaðstaða er inni á sjálfu svæðinu auk sérstaks leiksvæðis í tengslum við orlofshúsabyggðina en þar má m.a. finna hlaupakött (aparóla), uppblásið trampólín, frísbíggolfvöll, minigolf og skemmtilegar gönguleiðir í miklum gróðri og fallegu umhverfi.

Í tilefni af opnuninni býður VR félagsmönnum sínum til fjölskylduhátíðar. Hátíðin mun standa fram eftir degi þann 2. júní og verður boðið upp á léttar grillveitingar á staðnum á meðan birgðir endast.

Svæðið er aðeins ætlað VR félögum og fjölskyldum þeirra.

## VERÐ SUMARIÐ 2012

Verð miðast við eina nótt.

	VR félagi	Maki VR félaga	Börn VR félaga 12 ára og yngri	Börn VR félaga eldri en 12 ára	Gestur VR félaga*
Tjaldstæði	kr. 500	kr. 500	0 -	kr. 500	kr. 1.000
Rafmagn	kr. 300				kr. 500


\* VR félagi getur boðið gesti/gestum til að dvelja á tjaldsvæðinu með sér, þó aldrei meira en sem samsvarar einu tjaldstæði.

Eingöngu er tekið við greiðslukortum til greiðslu fyrir dvöl á tjaldsvæði.





# ORLOFSHÚS OG TJALDSVÆÐI



12

## FJARLÆGÐIR FRÁ REYKJAVÍK

Akureyri	390 km	Laugar	450 km
Blönduós	294 km	Miðhúsaskógur	110 km
Einarstaðir	715 km	Ólafsfjörður	403 km
Flúðir	103 km	Stykkishólmur	170 km
Grímsnes	65 km	Súðavík	441 km
Húsafell	130 km	Ölfusborgir	38 km

**ATHUGIÐ!** Hægt er að byrja að bóka fyrstu húsin 25. apríl n.k. Öll verð og dagsetningar eru með fyrirvara um breytingar og prentvillur.

# LAUGAR - NÝTT

VR hefur tekið á leigu orlofshúsið Sólbakka á Laugum í Þingeyjarsýslu.

VR hefur tekið á leigu eitt hús á Laugum í Þingeyjarsýslu, um 60 km frá Akureyri. Eingöngu er um að ræða vikuleigur í sumar, frá föstudegi til föstudags. Húsið er notalegt bjálkahús og er um 100 m<sup>2</sup> að stærð. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Þá er lítil verönd úr mótatímri með gasrilli á móti suðri.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er

á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Laugar í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu eru staðsettar við hringveginn austur frá Akureyri. Frá Laugum liggur leiðin áfram um 20 km að Mývatni. Byggðin þarna er vel í sveit sett og

stutt er til allra átta að ýmsum merkisstöðum. Svo fátt eitt sé talið mætti nefna Vaglaskóg, Goðafoss, Húsavík, Grenjaðarstað, Námaskarð og Dimmuborgir. Jarðhiti er á Laugum og með honum eru hús staðarins og sundlaug hituð upp.



## VERÐ

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Vikuleiga** 25.700

22/6-10/8

**Vikuleiga** 29.000

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	100
Heitur pottur	Nei
Svefnherb	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

# ÖLFUSBORGIR

VR á eitt hús í Ölfusborgum með heitum potti. Í sumar verður húsið í vikuleigu en á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum.

Það er leigt allt árið, í viku á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Heitur reitur er í byggðinni fyrir þá sem vilja nýta sér Internetið. Þá er barnarúm og barnastóll í húsinu.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Húsið er til leigu frá kl. 16 á komudegi og til kl. 12 á brottfarardegi. Skiptidagar eru föstudagar. Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni í þjónustuhúsi þegar komið er inn á svæðið. Lykli er skilað á sama stað. Opnunartími

þjónustuhúss er mánudaga til fimmtudaga kl. 12:30-16:00. Lokað er á miðvikudögum. Á föstudögum er opið milli kl. 15:00 og 20:30. Ef komið er utan þess tíma er bent á að hafa samband við umsjónarmann á staðnum.

## NÁGRENNIÐ

Frá Hveragerði er fljótferð til margra merkustu ferðamannastaða Suðurlands, má þar nefna Gullfoss, Geysi, Skálholt og Þingvelli. Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra,

góðar gönguleiðir og sannkölluð paradís fyrir útivistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennibrautir fyrir börn. Í Hveragerði er sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir og gróðurhús. Stutt er í hestaleigu og veiði.

14



## VERÐ

### Sumar

1/6- 22/6 og 10/8-31/8

**Vikuleiga** 31.000

22/6-10/08

**Vikuleiga** 35.300

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	45
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6

# GRÍMSNES

VR hefur tekið á leigu tvö hús í Grímsnesi – við Ásabraut 40 og að Borgarleyni 25.

Húsin við Ásabraut 40 og Borgarleyni 25 eru nýleg falleg hús með verönd og heitum potti. Skiptidagar er föstudagar, komutími er frá kl. 17 og ætlast er til að hús sé yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi. Athugið að reykingar eru ekki leyfðar í húsunum.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Hægt er að ná í umsjónarmann í síma ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lyklum

ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Húsin eru í rólegu og fallegu umhverfi þar sem hægt er að njóta náttúru og kyrrðar. Skemmtilegar gönguleiðir og áhugaverðir staðir eru allt um kring, Þingvellir, Laugarvatn, Kerið, Gullfoss og Geysir. Draugasetrið er á Stokkseyri og þar er einnig hægt að skella sér

í kajakferðir. Grímsborgir eru í göngufæri en þar er glæsilegt veitingahús. Um 5 mínútna akstur er að Ljósafossi en þar eru m.a. sundlaug og golfvöllur. Sundlaugin að Borg er ný og glæsileg með leiktækjum fyrir börn og unglinga. Golfvöllur eru í Öndverðarnesi, 9 holu völlur, og í Kiðjbergi er 18 holu völlur. Níu holu völlur er í Hveragerði og á Selfossi. Fallegir veiðistaðir eru í nágrenninu, sem dæmi má nefna Úlfjótsvatn, Sogið og Þingvallavatn.



## VERÐ

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Vikuleiga** 31.000

22/6-10/8

**Vikuleiga** 35.300

	Á40	B25
Fjöldi íbúða	1	1
Stærð í fm	90	85
Heiturpottur	Já	Já
Svefnherb	2	3
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	4-6	6
Sængur og koddar	6	6
Borðbúnaður	8	8

# SÚÐAVÍK

VR leigir tvö einbýlishús á Súðavík í sumar. Eingöngu er um vikuleigur að ræða, frá föstudegi til föstudags.

Á Súðavík hefur VR tekið á leigu einbýlishús við Álfabyggð 4 og Nesveg 4. Húsin eru leigð til félagsmanna viku í senn í sumar. Skiptidagar er föstudagar, komutími er frá kl. 17 og ætlast er til að hús sé yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykllum

ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Súðavík er um 200 manna sjávarþorp í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, um hálf tíma akstur frá Ísafirði. Náttúruunnendur geta valið úr fjölmörgum gönguleiðum, farið í fjórufar, fuglaskoðun og rennt fyrir fisk víða í hreppnum. Einnig er hægt að skreppa í sjóstangaveiði og áætlunarferðir

eru á Hornstrandir. Upplagt er að heimsækja Raggagarð, fjölskyldugarð Vestfirðinga, sem er í ytri byggð Súðavíkur fyrir ofan gistiheimilið. Þar eru leiktæki fyrir börnin og hægt er að grilla í fallegu og kyrrlátu umhverfi.

16



## VERÐ

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Vikuleiga** 25.700

22/6-10/8

**Vikuleiga** 29.000

Fjöldi húsa	2
Stærð í fm	100
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



# BLÖNDUÓS

VR hefur tekið á leigu tvö orlofshús á Blönduósi. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags. Gæludýr eru velkomin.

Húsin eru staðsett í jaðrinum á tjaldstæðinu með fallegt útsýni yfir ána. Skiptidagar er föstudagar, komutími er frá kl. 17 og ætlast er til að hús sé yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykllum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma

fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Góð þjónusta er við ferðamenn og ágætir möguleikar í afþreyingu á Blönduósi og nágrenni. Um Blönduós rennur ein af bestu veiðiám landsins og eru aðrar fengsælar veiðiár í næsta nágrenni. Á Blönduósi er hestaleiga, sela- og fuglaskoðunarferðir, kaffihús, grill- og pizzustaðir ásamt allri almennri verslun og

þjónustu. Þar er Heimilisönaðarsafn sem er hið eina sinnar tegundar á landinu.



## VERÐ

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Vikuleiga** 31.000

22/6-10/8

**Vikuleiga** 35.300

Fjöldi húsa	2
Stærð í fm	55
Heitur pottur	já
Svefnherb	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6 (4+2 í stofu)
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

# ÓLAFSFJÖRÐUR

Glæsilegt orlofshús við Þverá í Ólafsfirði. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags.

Orlofshúsið er staðsett við Þverá sem liggur rétt fyrir utan byggðakjarnann. Húsin eru fallega staðsett með útsýni yfir dalinn. Skiptidagar eru föstudagar, komutími er frá kl. 17 og ætlast er til að hús sé yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykllum

ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Golfvöllur og sundlaug eru í Ólafsfirði, bleikjuveiði í Ólafsfjarðará og gott svæði fyrir fjórhjólaáhugamenn. Hægt er að fá leigðan bát til veiða í firðinum. Margar merktar gönguleiðir eru á eða við svæðið. Má þar m.a. nefna Tröllaskaga, Héðinsfjörð, gönguleið um

Ólafsfjarðarskarð inn til Fljóta og ýmsar leiðir yfir í Svarfaðardal. Fjöldi uppkoma er bæði á Dalvík og Siglufirði og má þar nefna Fiskidaginn mikla á Dalvík og Síldarævintýrið á Siglufirði.

18



## VERÐ

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Vikuleiga** 31.000

22/6-10/8

**Vikuleiga** 35.300

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	98
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

**ATHUGIÐ!  
ÞESSI HÚS  
ERU ÞEGAR  
MIKIÐ  
BÓKUÐ Í SUMAR**

# MIÐHÚSASKÓGUR

Í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð á félagið alls tuttugu hús sem leigð eru til félagsmanna allt árið.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 19 á brottfarardegi, nema á föstudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 12.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum á sumrin og

í kringum helgarleigur yfir vetrartímann ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Miðhúsaskógur er í kjarrivöxnu umhverfi um 20 km frá Laugarvatni. Sandkassi er við hvert hús og fjórir leikvöllir með rólum,

rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur er á svæðinu, körfuboltavellir (við enda tveggja botnlanga á svæðinu) og minigolf (hægt er að fá lánaðar kylfur hjá umsjónaraðilum). Búið er að setja upp ný tæki á svæðinu, stórt uppblásið trampólín er á staðnum, aparóla og frísbíggj. Sundlaugar eru við Úthlíð, á Reykjum og á Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir.



## VERÐ

### Vetur

1/1-1/6 og 31/8- 31/12

**Sólarhringur** 2.600 **Helgi** 15.500

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Sólarhringur** 2.800 **Helgi** 17.000

22/6-10/8

**Sólarhringur** 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi húsa	20
Stærð í fm	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

# FLÚÐIR

Orlofshús VR að Flúðum eru í Ásabyggð – hús nr. 29, 30 og 30A.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, þó kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er

á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Flúðir er þéttbýliskjarni í Hrunamannahreppi á Suðurlandi. Þar er í boði öll hugsanleg þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og

**ATHUGIÐ!**  
**ÞESSI HÚS**  
**ERU ÞEGAR**  
**MIKIÐ**  
**BÓKUÐ Í SUMAR**

náttúrulegu gufubaði. Margir garðyrkjubændur hafa sest að á Flúðum og þar eru ræktaðir hinir þekktu Flúðasveppir. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Gönguleiðir eru margar í nágrenni Flúða, til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás. Upplýsingar um nágrennið má fá hjá ferðaþjónustunni sem er til húsa í versluninni Strax á Flúðum. Þar er verslun, kaffitería og bensínjálfsali.

20



## VERÐ

### Vetur

1/1-1/6 og 31/8- 31/12

**Sólarhringur** 2.600 **Helgi** 15.500

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Sólarhringur** 2.800 **Helgi** 17.000

22/6-10/8

**Sólarhringur** 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi húsa	3
Stærð í fm	54
Heitur pottur	já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

**ATHUGIÐ!  
ÞESSI HÚS  
ERU ÞEGAR  
MIKIÐ  
BÓKUÐ Í SUMAR**

# HÚSAFELL

VR á þrjú hús í Húsafelli í fögru umhverfi Borgarfjarðar.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið, um helgar og virka daga. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er

á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykllum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Skammt frá húsi Ferðapjónustunnar er fótboltavöllur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt frá sundlauginni. Snjósleðaferðir upp á Langjökul

eru vinsælar meðal orlofshúsagesta í Húsafelli en Langjökull hf. rekur snjósleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á jökulinn. Það er ekki langt að fara í hellana Víðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar og Barnafossar eru sannkölluð augnayndi. Ferðapjónusta er í Húsafelli yfir sumartímann. Þar er að fá algengar mat- og hreinlætisvörur, léttar veitingar, bensín og olíu.



## VERÐ

### Vetur

1/1-1/6 og 31/8- 31/12

**Sólarhringur** 2.600 **Helgi** 15.500

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Sólarhringur** 2.800 **Helgi** 17.000

22/6-10/8

**Sólarhringur** 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi húsa	3
Stærð í fm	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

**ATHUGIÐ!  
ÞESSI HÚS  
ERU ÞEGAR  
MIKIÐ  
BÓKUÐ Í SUMAR**

# AKUREYRI

Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10, merktar A, B, C, G, K og S. Einnig er ein íbúð við Furulund 8B. Allar íbúðirnar eru á annarri hæð nema S-íbúðin sem er á jarðhæð.

Íbúðirnar eru leigðar út allt árið um helgar og á virkum dögum. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi orlofshúsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum.

Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Allar upplýsingar um afhendingu og skil á

lyklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna: Nonnahús, Sigurhæðir og Davíðshús. Lystigarðurinn við hliðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útivistarsvæði með

leiktækjum og útigrilli fyrir almenning. Þá er auðvitað hægt að skella sér í sund og á skíði þegar viðrar þannig. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er í Hafnarstræti 82.

22



## VERÐ

### Sumar – Furulundur 10

1/6-31/8

**Sólarhringur** 3.900 **Helgi** 15.000

**Vikuleiga** 34.500

### Sumar – Furulundur 8

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Sólarhringur** 2.300 **Helgi** 10.700

**Vikuleiga** 22.200

22/6-10/8

**Sólarhringur** 2.600 **Helgi** 12.100

**Vikuleiga** 25.100

	F10	F8B
Fjöldi íbúða	5	1
Stærð í fm	54	54
Svefnherb	2	2
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	7	4-5
Sængur og koddar	8	6
Borðbúnaður	8	6
Þvottavél	Já	Já
Verandarhúsgögn	Já	Já

**ATHUGIÐ!  
ÞESSI HÚS  
ERU ÞEGAR  
MIKIÐ  
BÓKUÐ Í SUMAR**

# EINARSSTAÐIR

Húsin á Einarstöðum eru endurnýjuð að hluta og eru nú öll með heitum potti.

VR hefur til umráða 8 hús að Einarstöðum, 3 í eigu VR og 5 í eigu annarra. Húsin eru leigð til félagsmanna í viku eða skammtímaleigu á sumrin. Rekstrarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá pantað hjá því. Orlofshús eru afhent til leigu frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi orlofshús fyrir kl. 12 á brottfarardegi.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Allar upplýsingar um afhendingu og skil á

lyklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Einarsstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólur, sandkassi og rennibrautir eru staðsettar á þremur stöðum á svæðinu. Á Einarstöðum er mikil náttúrufegurð og merktar gönguleiðir eru um svæðið. Sundlaugar eru á Hallormsstað og á Egilsstöðum þar sem eru veitingahús,

hestaleiga, golfvöllur og vatnasleðaleiga. Stutt er í Hallormsstaðaskóg og að Lagarflijóti. Eins eru Kárahnjúkar í næsta nágrenni. Upplýsingamiðstöð Austurlands er á Kaupvangi 10 á Egilsstöðum.



## VERÐ

### Vor - haust

15/5-1/6 og 31/8-15/9

**Sólarhringur** 2.600 **Helgi** 15.500

### Sumar

1/6-22/6 og 10/8-31/8

**Sólarhringur** 2.600 **Helgi** 17.000

22/6-10/8

**Sólarhringur** 3.200 **Helgi** 19.300

Fjöldi húsa	8
Stærð í fm	45
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

# REYKJAVÍK

Orlofsíbúð VR í Reykjavík er við Sóltún 30, mjög miðsvæðis í borginni.

Íbúðin er á jarðhæð með sérinngangi, þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og baði og er útbúin fyrir sex manns. Gengið er beint út á rúmgóðan trépull út af stofu. Í íbúðinni er þvottavél á baðherbergi, barnarúm, barnastóll, straubretti og staujárn. Íbúðin er ætluð sem orlofsíbúð fyrir félagsmenn VR á landsbyggðinni sem ætla að bregða sér til Reykjavíkur í fríu sínu og er útbúin í samræmi við það. Við hönnun íbúðarinnar var lögð áhersla á að allt yfirbragð einkenndist af hlýleika og notalegheitum,


félagsmönnum okkar til að njóta í borginni. Íbúðin er leigð út allt árið, um helgar og á virkum dögum. Íbúðin er afhent til leigu frá og með kl. 12 og ætlast er til að menn yfirgefi íbúðina fyrir kl. 11 á brottfarardegi. Á sunnudögum er þó fyrirkomulagið eftirfarandi: Íbúðin er afhent til leigu frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi íbúð fyrir kl. 16 á brottfarardegi

## LYKLAR OG UMSJÓN

Lykill af íbúðinni er í lykklaskáp við innganginn,

nánari upplýsingar koma fram á samningi. Umsjón með íbúðinni er í höndum umsjon.is. Vinsamlega hafið samband við viðkomandi komi eitthvað uppá á meðan á dvöl stendur. Hægt er að kaupa þrif hjá umsjónaraðila. Þanta þarf með sólarhringsfyrirvara og er kostnaður kr. 5.000. Einnig er hægt að leigja lín, en þá er haft beint samband við umsjónaraðila.

24



## VERÐ

### Vetur

1/9-1/6

**Sólarhringur** 3.500

**Helgi** 12.000

**Vika** 29.500

### Sumar

1/6-1/9

**Sólarhringur** 3.900

**Helgi** 15.000

**Vika** 34.500

Fjöldi íbúða	1
Stærð í fm	90
Heitur pottur	Nei
Svefnherb	3
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Verönd	Já
Verandarhúsgögn	Já
Gasgrill	Já
Snúrur	Já
Þvottavél	Já



# HÓTELGISTING

Félagsmönnum VR utan höfuðborgarsvæðisins býðst nú gisting á Icelandair Hótel Reykjavík Natura.

Hér er einkum um að ræða úrræði fyrir þá sem þurfa að koma til Reykjavíkur og leita sér lækninga, fara í rannsóknir o.þ.h. Þetta er nýjung þar sem gestir fá fulla þjónustu og hefur hún mælst vel fyrir hjá þeim sem þegar hafa nýtt sér þessa þjónstu.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Herbergi er pantað hjá VR. Lykill er afhentur í afgreiðslu Icelandair Hótel Reykjavík Natura gegn framvísun samnings frá VR. Skila þarf

herberginu kl. 12:00 á hádegi á brottfarardegi. Gisting er fyrir tvo. Morgunmatur fæst með afslætti sé hann pantaður kvöldinu áður og er greitt sérstaklega fyrir hann í afgreiðslu hótelsins.

## NÁGRENNIÐ

Nafn hótelsins er innblásið af náttúrufegurð umhverfisins. Þar er að finna frábærar göngu-/hjólaleiðir ásamt fjölbreyttu dýralífi. Aðeins er um 20 mínútna gangur inn í miðbæ Reykjavíkur en fyrir þá sem vilja spara sporin

er boðið upp á fríar ferðir með hótelskutlu til og frá miðbænum fimm sinnum á dag og í verslunarmiðstöðina Kringluna en það þarf að bóka sérstaklega í móttökunni.



## VERÐ

### Vetur

1/10-1/4

**Sólarhringur** 5.000

### Sumar

1/4-1/10

**Sólarhringur** 6.900

Frí bílastæði

Fríar ferðir til og frá miðbæ Reykjavíkur og í Kringluna

Kvöldsögur og kakó á hverjum fimmtudegi kl. 21

Fuglasafn

Bíósalur

Aðgangur að Sóley Natura Spa

Bókasafn við arnielð á jarðhæð



## ÚTBÚNAÐUR HÚSANNA

Í flestum þeim húsum sem VR hefur til afnota fyrir félagsmenn sína er búnaðurinn miðaður við 8 manns. Þó eru undantekningar á því þar sem húsin eru stærri eða mun minni. Þá má geta þess að í þeim húsum sem ekki eru í eigu VR er búnaðurinn ekki alveg sá sami.

### GANGA MÁ ÚT FRÁ EFTIRFARANDI BÚNAÐI Í HÚSUNUM

Í öllum VR húsum eru sængur og koddar, útvarp og sjónvarpstæki, dvd-tæki, barnarúm, barnastóll og koppur. Venjuleg eldavél með ofni er í öllum húsum og örbylgjuofnar. Í húsunum eru gasgrill. Verandahúsgögn eru víðast hvar og reynt að hafa umhverfið sem notalegast fyrir gestina.

Borðbúnaður er yfirleitt fyrir átta manns eða fleiri auk venjulegra áhalda til eldunar sem nauðsynleg eru í hverju eldhúsi. WC pappír, uppþvottalögur, uppþvottaefni í uppþvottavélar, þar sem þær eru og einnota borðtuskur eru í húsunum og áhöld til þrifa. Vinsamlegast athugið að einungis má nota þau hreinsiefni sem eru til staðar þar sem sterkari efni henta oft ekki í rotþrær. Öryggisins vegna eru í hverju húsi eldvarnarteppi, slökkvitæki, reykskynjari og sjúkrakassi.

## VIRÐUM UMHVERFIÐ

Göngum vel um!

Nú á tímum vaxandi umhverfisvitundar þarf vart að nefna við orlofshúsagesti mikilvægi þess að ganga vel um umhverfi húsanna. Orlofshús VR eru flest úti í náttúrunni, í fallegu umhverfi sem gerir þá kröfu til okkar að við sýnum því virðingu.

Það er ekki heimilt að kveikja eld í umhverfi orlofshúsanna. Ruslagámar eru víðast hvar aðgengilegir og ætti því fjúkandi rusl að heyra sögunni til. Svo er heldur ekki úr vegi að minnst aðeins á vatnið, eina dýrustu náttúruauðlind jarðar, sem við erum svo heppin að eiga greiðan aðgang að. Vinsamlega notið vatnið vel og látið t.d. ekki renna í heita pottinn allan sólarhringinn.

## UMGENGNIS-REGLUR Í ORLOFSHÚSUM

**Húsið** er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.

**Leigjandi** ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dveljast með honum í húsinu á leigutíma.

**Leigjandi** skal ganga vel um hús og umhverfi, ræsta húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað.

**Leigjandi** skal koma til dvalar í húsinu á skiptidegi. Sjá nánar í leigusamningi.

**Leigjandi** þarf að hafa með sér handklæði, sápu, vaskastykki, sængurver, lök og koddaver.

**Dvalargestir** eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu.

**Leigjandi** skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi.

Almennt er ekki leyfilegt að hafa gæludýr meðferðis í orlofshúsum, undantekning er þó orlofshús nr. 29 á Flúðum og á Blönduósi.

Lesið vel leiðbeiningar sem festar eru upp í húsunum og skylt er að fara eftir.



# TAKTU BÓKINA MEÐ Í FRÍIÐ

Arndís B. Sigurgeirsdóttir í bókabúð Máls og menningar velur fjórar góðar bækur í fríið!

## THE AFFAIR - LEE CHILD

The Affair er sextánda bókin um hinn harðsoðna Jack Reacher. Aðdáendur hans verða ekki sviknir af þessari sögu sem kafar í fortíð spæjarans og varpar ljósi á ýmislegt í fari Reachers, til að mynda hvers vegna hann hætti í hernum og ástæður þess að hann gerðist sá einfari sem hann er. Að sjálfsögðu liggur spennandi og marglaga morðrannsókn til grundvallar en rannsókn Reachers leiðir hann á slóðir samsæris sem virðist tengjast háttsettum mönnum í hernum. Lee Child á aðeins persónulegri nótum en oft áður.

## ENGLASMIÐURINN - CAMILLA LÄCKBERG

Englasmíðurinn eftir Camilla Läckberg, einn vinsælasta glæpasagnahöfund Svía, hefur fengið góðar viðtökur hjá lesendum. Í forgrunni eru sem oft áður Erica og Patrick. Í þetta skipti rannsaka þau dularfulla atburði á eyju einni en þar hvarf fjölskylda sporlaust fyrir tugum ára, allir nema hin eins árs gamla Ebba. Þegar hún svo snýr aftur til eyjarinnar og sest þar að fara undarlegir atburðir að eiga sér stað. Spæjararnir rannsaka málið og vonast um leið til að varpa ljósi á mannhvörfin á áttunda áratugnum. Ekta bók til að sökkva sér í í fríinu!

## GÓÐIR GRANNAR - RYAN DAVID JAHN

Nýjasta bókin í bóklúbbinum Neon er í þyngri kantinum. Sagan er byggð á sönnum atburðum og segir frá því þegar Kitty Genovese var myrt fyrir utan heimili sitt í Queens árið 1964. Fjölmargir nágrennar hennar voru vitni að árásinni en enginn kom henni til bjargar. Sagan er sögð listilega vel og höfundinum tekst að koma henni til skila án fordóma. Þessi bók hverfur ekki auðveldlega úr huga lesandans eftir að hann leggur hana frá sér.

## GÓÐUR MATUR - GOTT LÍF: Í TAKT VIÐ ÁRSTÍÐIRNAR - INGA ELSA BERGÞÓRSDÓTTIR OG GÍSLI EGILL HRAFNSSON

Þessa fallegu matreiðslu- og lífsstílsbók eftir hjónin Ingu Elsu og Gísla Egil er nauðsynlegt að eiga í bústaðnum. Í henni má finna allt á milli himins og jarðar sem á það þó flest sameiginlegt að vera í tengslum við náttúruna í kringum okkur. Ræktun kryddjurta, sveppatínsla, bakstur, osta- og sultugerð og margt, margt fleira. Hvers vegna ekki að njóta þess að nostra við matinn í fríinu; heimagert beikon, eggjakökur með sveppum sem fjölskyldan hefur tínt fyrr um daginn, salat úr garðinum, sushi með nýveiddum fiski, holugrillað lambalæri og þar fram eftir götunum. Falleg og nytsamleg bók sem gefur góðar hugmyndir!



# UMHVERFISVÆNN AKSTUR

Leggðu þitt af mörkum í vistvænum akstri – ráðleggingar og góðir punktar frá FÍB.

28

Umhverfismengun er alheimsvandamál sem lætur engan ósnortinn. Við vitum að gróðurhúsaáhrifin eru staðreynd en ekki hugarórar umhverfisspámannanna um endalok jarðar. Barátta mannsins gegn eigin mengun er hafin. Hér á landi erum við farin að verða vör við mengunina og hver og einn hlýtur að spyrja sig: Hvað er hægt að leggja af mörkum til að draga úr þeirri ógn sem mengun er lífríki jarðar? Hér eru nokkur einföld ráð sem gera ökumönnum kleift að vinna gegn umhverfismengun. Ökumenn geta dregið úr mengun með ýmsum ráðum

## ÞEGAR ÞÚ KAUPIR ...

Ekki kaupa stærri bíl en þú þarft.

Veldu bíl sem er sparneytinn.

Allt sem gert er til að draga úr bensíneyðslu sparar peninga og dregur úr mengun.

Hafðu í huga að hægt er að fá hjólbarða sem draga úr núningsmótstöðu vegar.

Minni núningsmótstaða, minni bensíneyðsla.

## ÞEGAR ÞÚ GETUR ...

Gakktu eða hjólaðu styttri vegalengdir.

Skipuleggðu samflot í bíl með öðrum þegar hægt er að koma því við.

Notaðu strætó ef mögulegt er.

Minni mengun fylgir fullnýttum strætisvagni

en ferð farþeganna sömu leið í einkabílum.

## ÞEGAR ÞÚ NOTAR BÍLINN ...

Skipuleggðu útréttingar. Betra er að stoppa nokkrum sinnum í einni ferð en fara margar stuttar ferðir.

Það styttr ekna vegalengd og eykur virkni hreinsikúta (katalísatora).

Vinnsluþiti hreinsikútsins er 400 til 800 gráður á C.

Virkni kútsins er best eftir 3-5 km. akstur.

Hraðakstur eykur bensíneyðslu og veldur umhverfisspjöllum.

Aktu á löglegum hraða, það borgar sig.

Aktu af stað með jöfnum hraða, sparaðu inngjöfina og forðastu snögghemlun.

Þú sparar bensín og dregur úr mengun.

Veldu greiðfærar umferðargötur til að draga úr stoppum.

Stöðvaðu hreyfilinn ef billinn er í hægagangi meira en eina mínútu.

Hægagangur í eina mínútu er bensínfrekari en gangsetning.

## ÞEGAR ÞÚ YFIRFERÐ BÍLINN ...

Skiptu reglulega um olíu, loft- og olíusú í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

Vélin gengur léttar og slitnar minna.

Hafðu loftþrýsting í hjólbörðunum sem næst því hámarki sem framleiðandi gefur upp.

Það dregur úr bensíneyðslu og eykur endingu hjólbarðanna.

Þjónustaðu bílinn í samræmi við ráðleggingar í eigendahandbókinni.

Það er mikilvægt til þess að halda mengun frá bílnum í lágmarki.

Mjög mikilvægt er að stilla gang bílsins.

Sá kostnaður sem því kann að fylgja skilar sér fljótt aftur með minni bensíneyðslu og auðvitað heilnæmara umhverfi.

Hvert aukakíló í bílnum þýðir aukna bensínnotkun.

Forðastu að aka um með tóma farangursgrind eða opna glugga, það eykur verulega loftmótstöðu og þar með bensíneyðslu og mengun.

## ÞEGAR ÞÚ SKIPTIR UM ...

Mundu að henda aldrei notaðri vélarolíu í niðurföll eða á jörðina, þetta eru eitrefni.

Vinsamlegast fáðu upplýsingar um móttöku á úrgangsolíu til endurvinnslu.

Skilaðu notuðum hjólbörðum til þeirra sem geta endurunnið þá.

Ónýtum rafgeymum á ætíð að skila til endurvinnslu. Nánari upplýsingar hjá rafgeymaþjónustum og olíufélögum [VR](#)

# HVAÐ GERIR VR FYRIR ÞIG?

Félagsgjald VR er 0,7% af launum. Allir sem hafa greitt félagsgjald í einn mánuð eiga rétt á aðstoð kjaramáladeildar og sjúkradagpeningum.

**TIL AÐ VERÐA FULLGILDUR FÉLAGSMAÐUR OG EIGA RÉTT Á ÞEIM FRÍÐINDUM SEM ÞVÍ FYLGIR, ÞARF AÐ HAFNA GREITT LÁGMARKSFÉLAGSGJALD SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI. Á MÓTI FÉLAGSGJALDI ÞÍNU GREIÐIR ATVINNUREKANDI SEM HÉR SEGIR:**

- 1% í sjúkrasjóð,
- 0,25% í orlofsjóð,
- 0,20% í starfsmenntasjóð
- 0,13% í endurhæfingarsjóð

Allir sem greitt hafa til félagsins síðastliðna tólf mánuði geta sótt um lykilorð inn á Mínar síður á vefnum þar sem hægt er að sjá yfirlit yfir greiðslu félagsgjalda og hvaða þjónustu viðkomandi hefur nýtt sér. Fullgildir félagsmenn sjá að auki stöðu sína í sjóðum félagsins.

## VR GÆTIR ÞINNA HAGSMUNA

- VR gerir kjara- og fyrirtækjasamninga
- VR aðstoðar við útreikning launa, túlkun kjarasamninga og lausn ágreiningsmála á vinnustað
- VR aðstoðar við gerð ráðningarsamninga
- VR veitir lögfræðiaðstoð vegna kjaramála og innheimtu launakrafna, m.a. vegna gjaldprota fyrirtækja
- VR gerir á hverju ári launakönnun og könnun á fyrirtæki ársins til viðmiðunar fyrir félagsmenn
- VR stendur fyrir herferðum í fjölmiðlum til að vekja athygli á ýmsum málum, s.s. launamun kynjanna, einelti og kynferðislegri áreitni
- VR minnir á rétt félagsmanna sinna, s.s. launahækkningar, orlofs- og desemberuppbót og hvíldartíma með auglýsingum í fjölmiðlum.
- VR er aðili að ASÍ

## EF UPP KOMA VEIKINDI EÐA SLYS ÁTTU MÖGULEIKA Á

- Sjúkradagpeningum eftir að veikindarétti lýkur (80% af launum) í allt að 270 daga
- Slysadagpeningum vegna slysa í frítíma (80% af launum)
- Sjúkradagpeningum vegna áfengismeðferðar (80% af launum).
- Dagpeningum vegna veikinda barna yngri en 16 ára (80% af launum) í allt að 270 daga
- Slysa-, dánar- og örorkubótum vegna barna að 16 ára aldri
- Örorkubótum vegna slyss í frítíma, allt að 14,7 milljónir króna
- Dánarbótum, dæmi: eftirlifandi maki með 3 börn yngri en 21 árs fengi 2.800.000 kr.

## VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður sameinar réttindi félagsmanna í mismunandi sjóðum í einn sjóð sem þeir geta nýtt af meira frjálsræði og með meiri sveigjanleika en áður hefur verið. Í sjóðinn renna fjármunir sem áður voru notaðir til styrkja af ýmsu tagi úr sjúkrasjóði og tiltekinn hluti af iðgjöldum í orlofsjóð. Félagsmenn hafa áfram val um að nýta varasjóð sinn til þessara þátta en fá nú að auki þann möguleika að safna í sjóð til að nota í stærri verk eða til að mæta áföllum á lífsleiðinni.

## VR LEGGUR SITT AF MÖRKUM TIL BETRA ORLOFS FÉLAGA SINNA

- Þú átt kost á að leigja tjaldvagna eða orlofshús VR allan ársins hring
- Hægt er að panta orlofshús VR 24 vikum fram í tímann og gildir þá reglan fyrstur bókar, fyrstur fær.

## VR STYÐUR SÍ- OG ENDURMENNTUN HEILS HUGAR. ÞÚ ÁTT MÖGULEIKA Á

- Starfsmenntastyrk, upphæð styrks fer eftir stigaeign hvers og eins
- Tólstundastyrk

**GREIÐARI LEIÐ AÐ UPPLÝSINGUM, ÞÚ FÆRÐ VR BLAÐIÐ SENT HEIM ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU**

# AFMÆLISVEISLAN MÍN OG MARLEY

Hildur Mósesdóttir, aðalbókari Iceland Express, lenti í óvæntum ævintýrum á ferðalagi í Jamaíka.



30

“  
Við vorum tvístígandi í fyrstu vegna öryggisráðstafananna en þetta var bara of gott tækifæri til að missa af því.

Ég er fædd sama dag og Bob Marley og hef verið ákveðin í því frá því ég var lítil að fara einhverntíma á slóðir hans á Jamaíka. Í febrúar 2007 kom svo tækifærið þegar Heimsferðir buðu ferð þangað á einstaklega góðum kynningarkjörum, einmitt í kringum afmælisdaginn okkar. Við hjónin ákváðum að drífa okkur og vinahjón okkar fóru með. Hótelíð var ægilega flott, eiginlega hálfgerð þorp inni á víggirtu svæði sem var varið af vopnuðum vörðum og ekki mælt með því að yfirgefa það enda er algennt að hvítt fólk sé rænt á þessum slóðum. Á afmælisdaginn okkar Bobs fórum við niður í bæ og kíktum á pöbb. Við fórum að tala við þjóninn og þá kom í ljós að hann átti sama afmælisdag og við Bob. Hann sagði okkur frá því að það væri hefð fyrir því laugardaginn

kringum afmælisdaginn að halda stóra reggí tónleika í fæðingarþorpi Marleys og spurði hvort við ætluðum ekki örugglega að fara. Við vorum tvístígandi í fyrstu vegna öryggisráðstafananna en þetta var bara of gott tækifæri til að missa af því.

Við útveguðum okkur litla rútu og efndum til hópferðar frá hótelinu. Ferðin átti ekki að taka meira en tíu mínútur en klukkutíma síðar var enn verið að tala um að það væru bara tvær - þrjár mínútur eftir. Loks komumst við á tónleikastaðinn sem var fótboltavöllur og ákváðum þar að hittast og fara heim ekki seinna en klukkan eitt. Við þorðum ekki fyrir okkar litla líf að vera lengur, enda búið að hræða okkur svo mikið. Fólk fjölgaði svo smám saman og tónleikarnir voru æðislegir og urðu alltaf betri og betri. Þegar klukkan var svo farin að síga vel í eitt vorum við komin í rosagott skap og farin að spjalla við innfædda. Þá var mannþröngin orðin gríðarleg og erfitt að komast út um einu hurðina á leikvanginum. Allt í einu finn ég að einhver seilist ofan í vasa minn þar sem ég er með nokkra dollara. Ég næ að grípa í hendina og konan, ég sá að þetta var kona, sleppir seðlunum strax og lætur sig hverfa í mannfjöldann. Fleiri í hópnum fundu fyrir því sama og okkur grunaði að það væru kannski samantekin ráð að þrengja hressilega að hvíta fólkinu og reyna svo að ná einhverju úr vösunum hjá því. Þegar við komumst loksins út sáum við að rútan var föst inni í bílakös sem var lagt bara einhvernvegin og ekki möguleiki að keyra í neina átt. Þetta var lítil og létt rúta og á endanum tókum við öll saman undir bílinn og bárum hann hreinlega út úr mesta mannhafinu. Svo keyrðum við heim eins hratt og bílstjórinn gat. Morguninn eftir hittum við strák á ströndinni sem var að koma beint af tónleikunum sem stóðu enn yfir. Ég fann að ég hefði alveg verið til í að vera lengur. Nokkrum dögum seinna fórum við svo aftur í þorpið og heimsóttum heimili Marleys og kynntumst betur sögu hans.

Ég er svo þakklát afmælisbróður mínum sem sagði okkur frá þessum tónleikum því þetta var ógleymanleg lífsreynsla **VR**



## GAMAN SAMAN – FJÖLSKYLDUFRÍ!


„Tókstu ekki grænu buxurnar?“. Við sitjum í bílnum á leiðinni út á völl, ég hugsa um allt sem ég hefði átt að gera og allt sem ég á eftir að gera svo við komust í fríið. Hverju gleymdi ég? Krakkarnir rífast heiftarlega og maðurinn minn starir út um bílgluggann annars hugar. Tengdamamma hafði vaknað um miðja nótt og ekki fundið vegabréfið sitt. Eftir stórkostlega leit að vegabréfinu um allt hús endaði leitinn sem betur fer með að hún fann það. Hún lagðist örþreytt á koddann aftur og náði að hvíla sig í klukkutíma áður en lagt var af stað út á flugvöll. Í flugvélinni reynir á polinmæði okkar foreldranna, og reyndar allra flugfarþega líka. Eftir að komið var á hótelið fékk sex ára skvísan svo mikla tannpínu að við sváfum ekki neitt þá nótt. „Hvernig datt mér í hug að bóka þessa ferð...“ hugsaði ég örmagna daginn eftir! Það tók um það bil þrjá daga fyrir krakkana

“  
*Hvernig datt  
mér í hug að  
bóka þessa ferð  
... hugsaði ég  
örmagna  
daginn eftir!*

að hætta að rífast þannig að illa færi og fyrir okkur fullorðna fólkið má segja að við vorum nokkra daga að jafna okkur á öllu því sem við hefðum átt að gera áður en við færum í frí. Uppsöfnuð þreyta og streita hefur tilhneigingu til að gera vart við sig á fyrstu dögum í frí þannig að slagorðið gaman saman fær alveg nýja merkingu.

Eftir nokkra daga saman vorum við þó farin að brosa oftar og brúnin léttist á okkur öllum, þreytan leið smám saman úr. Við nutum þess að „hanga“ saman og við nutum þess að gera ýmislegt saman sem við að öllu jöfnu gerum ekki. Fara í dýragarð og sundlaugargarða, við fórum á veitingahús og busluðum í sjónum. Krakkarnir lærðu næga spænsku til að geta keypt sér ís og við fullorðna fólkið lærðum „una cerveza por favor..“. Við sköpuðum saman minningar sem oft eru rifjaðar upp.

Á hverju sumri förum við fjölskyldan vestur á firði þaðan sem við erum ættuð og þá er sagan svipuð. Allt á síðustu stundu, allir að keppast við að komast úr bænum og við foreldranir uppteknir af því sem eftir á að gera. Eftir nokkra daga í sveitinni þar sem ekki er nettenging og ekki er farsímasamband er fjölskyldan komin í allt annan takt og við kynnumst upp á nýtt. Náttúran og samveran gera það að verkum að dagarnir lengjast og það sem fer að skipta mestu máli er hvað við ætlum að borða og hvort eigi að taka göngutúr fyrir eða eftir mat. Næringin er ekki bara líkamleg heldur andleg líka. Við nærum hvort annað, nærum fjölskylduböndin og styrkjum okkur fyrir næstu vikur og misseri. Mikilvægast er að við hittum aðra fjölskyldumeðlimi í stórfjölskyldunni og nærum ættarböndin. Við syngjum saman og borðum saman og tökum púl sínn á því hvað er að fréttu af hverjum og einum. Á hverju ári erum við hissa yfir því hvað börnin hafa stækkað og minnumst þeirra sem ekki koma það árið. Þessu fylgir mikill hávaði, ys og bys og það reynir á þolrifrin hjá hverjum og einum þar sem við erum orðin svo vön að vera í okkar eigin fjölskyldueiningu. Hins vegar þegar stórfjölskyldan kemur saman þýðir ekki annað en að aðlagast að öðrum. Út úr því koma stundir sem einkennast af því að við höfum gaman saman og nýjar minningar eru skapaðar á hverju sumri sem hægt er að rifja upp með bros á vör.

Það er ekki hversu oft við tökum frí sem skiptir máli eða hvert við förum hverju sinni heldur að við séum saman til að næra okkur svo við getum öll staðið sterk í þeim stormi sem við hvert og eitt þurfum að standa í 



GUÐNÝ ÓLAFÍA PÁLSDÓTTIR

VERKEFNASTJÓRI SÖLUSVIÐS  
ICELAND EXPRESS

**HVAÐ Á AÐ GERA Í SUMARFRÍNU?**

Ferðast, gifta dóttur mína, vera upp í bústað og knúsa barnabarnið mitt.

**FALLEGASTI STAÐUR Á ÍSLANDI?**

**OG AF HVERJU?** Þingvellir ... það segir sig sjálft, þar á ég líka sumarbústað.

**UPPÁHALDSBORGIN ÞÍN?**

**OG AF HVERJU?** Barcelona, þar er allt sem hugurinn gírnist ... strönd, listir og menning, góður matur og fallegt fólk.

**GRILLAÐUR HAMBORGARI**

**EÐA PYLSA?** Grillaður hamborgari.

**TJALD EÐA HJÓLHÝSI?** Hjólhýsi.

**HVAÐ FÆR ÞIG TIL AÐ HLÆJA?**

Skemmtilegt fólk.



ÞÓRÐUR KRISTINSSON

SEGLAGERÐIN ÆGIR

**HVAÐ Á AÐ GERA Í SUMARFRÍNU?**

Ég ætla að vera á Íslandi og ferðast um landið.

**FALLEGASTI STAÐUR Á ÍSLANDI?**

**OG AF HVERJU?** Atlavík en þar er kósí, ró og friður, gott veður og gullfallegar konur.

**UPPÁHALDSBORGIN ÞÍN?**

**OG AF HVERJU?** New York, ekki spurning, borgin sem aldrei sefur.

**GRILLAÐUR HAMBORGARI**

**EÐA PYLSA?** Hamborgari, ekki spurning.

**TJALD EÐA HJÓLHÝSI?** Hjólhýsi frá

Seglagerðinni að sjálfsgöðu.

**HVAÐ FÆR ÞIG TIL AÐ HLÆJA?**

Vinnufélagarnir og þá sérstaklega Gunni yfirmaðurinn minn, algjör grínari.





**SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR**

SKRIFSTOFUMAÐUR  
FLUGFÉLAGI ÍSLANDS

**HVAÐ Á AÐ GERA Í SUMARFRÍINU?**

Ferðast innanlands. Byrja á að fara hringinn í kringum landið í maí og síðan eru nokkrar fjallgöngur ásamt útilegum á planinu í sumar.

**FALLEGASTI STAÐUR Á ÍSLANDI?  
OG AF HVERJU?**

Stóruð í Hjaltastaðapingá.

**UPPÁHALDSBORGIN ÞÍN?**

**OG AF HVERJU?** Orlando. Í Orlando er allt til alls til að gera fjölskyldufrið fullkomið.

**GRILLAÐUR HAMBORGARI  
EÐA PYLSA?**

Hamborgari.

**TJALD EÐA HJÓLHÝSI?** Hvorugt, en er í sérstöku ástarsambandi við fellihýsið mitt.

**HVAÐ FÆR ÞIG TIL AÐ HLÆJA?**

Skemmtilegt fólk.



**GUÐBJÖRG INGÓLFSSDÓTTIR**

FERÐARÁÐGJAFI  
ICELANDAIR

**HVAÐ Á AÐ GERA Í SUMARFRÍINU?**

Það er nú ýmislegt. Til dæmis skreppa til Mexíkó í afmælisferð og svo langar mig að ferðast eins mikið innanlands og ég get. Hef gert skammarlega lítið af því hingað til og það stendur vonandi til bóta.

**FALLEGASTI STAÐUR Á ÍSLANDI?  
OG AF HVERJU?**

Allir austfirðirnir eins og þeir leggja sig. Þeir eru einfaldlega ómótstæðilegir.

**UPPÁHALDSBORGIN ÞÍN?**

**OG AF HVERJU?** New York. Sú borg er ótrúlega margbreytileg, lifandi, spennandi og kemur sífellt á óvart. Þú getur farið ótal oft til New York og uppgötvað eitthvað nýtt í hverri ferð.

**GRILLAÐUR HAMBORGARI**

**EÐA PYLSA?** Hamborgarinn. Helst heimagerður með öllu.

**TJALD EÐA HJÓLHÝSI?** Hjólhýsi ef það væri í boði, annars myndi tjaldið duga mér :)

**HVAÐ FÆR ÞIG TIL AÐ HLÆJA?**

Ótal margt. Til dæmis mín eigin óheppni, svartur húmor, lífsglatt fólk og almenn hamingja.



**ÞÓRARINN ÞÓR**

SÖLU- OG MARKAÐSSTJÓRI  
REYKJAVÍK EXCURSIONS

**HVAÐ Á AÐ GERA Í SUMARFRÍINU?**

Skreppa til Stokkhólms í viku með góðum vinum.

**FALLEGASTI STAÐUR Á ÍSLANDI?  
OG AF HVERJU?**

Vá þeir eru svo margir, ætla að segja fossinn Dynjandi og umhverfi hans því ég á góðar æskuminningar þaðan :)

**UPPÁHALDSBORGIN ÞÍN?**

**OG AF HVERJU?** Mér finnst Barcelona æðisleg borg, þar er notalegt að röлта um í rólegheitum á daginn og frábærir veitingastaðir til að njóta á kvöldin.

**GRILLAÐUR HAMBORGARI**

**EÐA PYLSA?** Hammari.

**TJALD EÐA HJÓLHÝSI?** Hjólhýsi held ég en það er oft gaman að vera í tjaldi.

**HVAÐ FÆR ÞIG TIL AÐ HLÆJA?**

Það er mjög létt að fá mig til að hlæja, til dæmis hló ég mikið yfir samræðum hér á skrifstofunni um hvað fær mig til að hlæja :)

# Krossgáta

			SÍVALN INGLAR	BLÆS FYLLI- FISKAR	FRÁ- SÖGN	FJALLS- DRUN V RÖTAR	AFLOG ELD- STÆÐA	RÝK- KORN	SKJALFA	VIKT BORD
			6							
			SKIP- VERT- ANA							
			LJÓUR + BJDR				9			
			BEIN- PIPU						2 EINS KÁHADI ÚT	3
			BÖRN			20				
			DYÐUR	RAN- FUAL- ANA	ÞRAUT- UM					
ANSAD	2					TÆTIR VIÐUR- NEFNI				
HREINS- AR + DÝRIN			10						VONOS V NEMUR	
KÚGA				RÖLTI ANGR- AR			8			FUGLAR
SYST- IRIN					17	ÞREFA UM		LYKT TRÖLL		
HEILA- RUGL			23						KÚRÐI KOMAST	
		OLJOS	FÆÐ- UNNAR HELST						22	
VEIÐAR- FÆRI			NÖLDUR DRUSL- AN			S'AL ÞRAUT- AR				
SMÁ- BÝLI	19			JAGAST ILLAR				BAND- ÖÐUR MANN- NAFN		
STJÓP- JONNA ÞORS						HUMAR SVELC- UR			21	ÁLITID V LASTA
VERK- FARIS + STAKT					7			LÚSA- ECC CAF AD BORÐA		
STAF- URINN						FURÐA SIC A HÁSIR	14			
	1	FLOKK- AR AFELL- IST						FRYLLT- UR VIT- LAUS		STÍL- VOPN
BÓK- STAFUR			FRUM- EFTI MANN- NAFNS			ÚT- DRÆTTI MYNMI HVIDAN	13			
BEINA AD			18	FREGT MÆLA V LEYFI					BÓK- STAFUR BRIÐT- NÆLA	
SÖDD	24					LYKKT- AN GLUFA				
GER- VALLAR + AST- FANGINN							16			
			FÆDIR						HEFAD- SETUR	4
			FISK			TÖK				
HETTA			FOR- FADIR- INN GISIN					5	DUFT	ÖDRUKK- IN
REIÐ + ELDS					12			HERSLI HVÍLDI		
						ÞASLA MEÐ	11			UTAN
			SEM							
					15					HAGNAD



## VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er vísan:  
*Skolli, gæs og gamalt naut og grallara spói saman átu súran graut sagði kjói.*

Vinningshafill krossgátunnar úr síðasta blaði er Sigfríður Þórisdóttir. Hún starfar í þjónustuveri VÍS og hefur starfað þar í 13 ár og samtals 35 ár hjá Tryggingarfélaginu. Sigfríður er gift og eiga þau hjónin samtals þrjú börn og sjö barnabörn. Helstu áhugamál Sigfríðar eru barnabörnin og sumarhúsið sem þau hjónin festu nýverið kaup á. Jafnframt hefur Sigfríður áhuga á ferðalögum innanlands jafnt sem utanlands.

Í lausn krossgátunnar hér til hliðar er vísa án nokkurra vísbendinga. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagid.

**Skilafrestur er til 5. maí 2012.**  
 Utanaskrifin er:  
**VR-blaðið**  
**Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7**  
**103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á [krossgata@vr.is](mailto:krossgata@vr.is)



# TVEIR GÓÐIR Á SUMARGRILLIÐ

## PÁSKALAMBORGARINN

Eðlaborgari fyrir vandláta

### HRÁEFNI – FYRIR EINN

- 1 stk ferkantað Fabrikkubrauð
- 120 gr. lambprime
- Íslenskir sveppir
- 2 hvítlauksgeirar
- 1/2 msk. smjör
- 1 Maribo ostsneið
- Grænt kál (t.d. lambhagasalat)
- 2 rauðlaukshringir
- 2 tómat sneiðar
- Bernaisesósa
- Salt og pipar
- 1 hamborgarabrauð

### AÐFERÐ

1. Hreinsið grillið og hitið þar til hámarkshita er náð.
2. Skerið 120-140 gr. lambprimesteik í þrjár sneiðar eftir endilöngu þannig að hún verði um 3x40 gr. sneiðar.
3. Grillið sneiðarnar í 3-4 mínútur á hvorri hlið (mælt er með meðalsteikingu).
4. Pönnusteikið sveppina í smjörinu og hvítlauknum. Slökkvið undir pönnunni, leggið ostsneiðina ofan á sveppina og setjið lokið á.
5. Penslið hamborgarabrauðið að innan með smjöri eða ólífuolíu og hitið snögg á grilli (þar til það er orðið röndótt).
6. Samsetning: Setjið grænmetið í botnbrauðið, bernaisesósu ofan á grænmetið, leggið steikurnar yfir, þá sveppina með brædda ostinum.

Toppið með meiri bernaise og lokið með brauðhattinum.

**2 og hálf mínúta = Medium Rare**

**3 mínútur = Medium**

**3 og hálf mínúta = Well Done**



## FABRIKKUBORGARINN

Einfaldur, hagkvæmur og gómsætur

### HRÁEFNI – FYRIR EINN

- 1 stk ferkantað Fabrikkubrauð
- 1 stk Fabrikkuborgari (120 gr.)
- 1 Maribo ostsneið
- Grænt kál (t.d. lambhagasalat)
- 2 rauðlaukshringir
- 2 tómat sneiðar
- Fabrikkusósa
- Salt og pipar

### AÐFERÐ

1. Hreinsið grillið og hitið þar til hámarkshita er náð.
2. Grillið hamborgarann á opnu grilli í 2 og hálf til 3 mínútur á hvorri hlið.
3. Kryddið létt með salti og nýmöluðum pipar.
4. Penslið hamborgarabrauðið að innan með smjöri eða ólífuolíu og hitið snögg á grilli (þar til það er orðið röndótt).

# Tjaldsvæði í Miðhúsaskógi



## Nýtt og glæsilegt tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi

Laugardaginn 2. júní nk. opnar VR nýtt og glæsilegt tjaldstæði á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð. Á svæðinu er fin aðstaða fyrir tjöld, húsbíla og tjald- og fellihýsi.

Af þessu tilefni bjóðum við öllum VR félögum á opunarhátíð í Miðhúsaskógi. Boðið verður upp á léttar grillveitingar og ýmislegt skemmtilegt brallað fram eftir degi.

**Hlökkum til að sjá þig í sumar!**

- Afþreying fyrir alla fjölskylduna
- Aparóla
- Uppblásið trampólín
- Frisbígolfvöllur
- Mínígolf
- Skemmtilegar gönguleiðir í fallegu umhverfi
- Frábær aðstaða
- Vel búið þjónustuhús
- Þægileg grillaðstaða
- Góð aðstaða fyrir uppvas
- Salerni og þvottavél
- Öflugt eftirlit og öryggisvarsla
- Pláss fyrir 40–50 ferðavagna